

Mánaðaryfirlit

Stefnumótunar og greiningar

Maí 2022




Hæsta verðbólga í 12 ár

Hagstofa Íslands birti fyrir helgi vísitölu neysluverðs fyrir aprílmánuð. Vísitalan var 535,4 stig og hækkaði um 1,25% milli mánaða. Er það mesta hækkun vísitölunnar milli mánaða frá febrúar 2013. Verðbólga á ársgrundvelli mældist 7,2% og jókst um 0,5 prósentur milli mánaða. Sé litið framhjá áhrifum húsnæðis mælist verðbólga 5,3% og jókst um 0,7 prósentur milli mánaða.

Húsnæði og flugfargjöld leiða hækkunirí Apríl

Próun á húsnæðisverði ásamt verðhækkun á flugfargjöldum vega þyngst í hækkun vísitölunnar milli mánaða. Kostnaður vegna eigin húsnæðis, þ.e. reiknuð húsaleiga, hækkaði um 2,4% milli mánaða (0,45% vísitöluáhrif) á meðan flugfargjöld hækkuðu um 23% (0,37%) milli mánaða. Þessir tveir liðir

Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

vega þyngst í breytingunni milli mánaða.

Verðbólga er um þessar mundir almenn. Það merkir að verðhækkanir mælast á breiðum grunni, þ.e. á mörgum vöruflokkum. Um 2/3 af öllum undirliðum vísitölunnar hækkuðu í verði milli mánaða.

Nokkuð var um hækkanir á mat- og drykkjarvöru þar sem mjólkurvörur hækkuðu á bilinu 4-6%. Má þar nefna hækkanir á jógúrti, súrmjólk, skyri og ostum. Einnig hækkaði grænmeti um 3% milli mánaða og búvara án grænmetis um 2,5%. Verð á dagvöru hækkaði í heild um 1,2% milli mánaða.

Verðlagspróun eftir uppruna



Heimild: Hagstofa Íslands



26,7% hækkun eldsneytis milli ára

Sé verðþróun skoðuð á ársgrundvelli má greina verulegar hækkunir á mörgum vöruflokkum. Hækkun olíuverðs endurspeglar í 26,7% hækkun á eldsneytisverði milli ára. Þar á eftir fylgir hækkun á húsnæðiskostnaði um 14%.

Verð á mat og drykkjarvöru hefur einnig hækkað skarpt ef horft er til ársbreytinga. Búvörur án grænmetis hækka um 7,7% milli ára og innlend mat og drykkjarvara um 5,9%. Hækkun á kjöti og mjólkurvörum hefur nokkur áhrif. Verð á kjöti hækkar um 7% milli ára og verð á mjólk um 10%. Hækkun á innfluttri mat og drykkjarvöru mælist minni en á þeirri innlendu, og hækkar hún um 2,1% milli ára.

Verð á þjónustu hækkar um 5,7% og 5% þegar horft er á opinbera þjónustu. Sé horft yfir þjónustuliði, hefur verð á viðhaldi húsnæðis um 4,1%, viðhald bíla um 3,4%, bón og þvottur bíla um 4,6% og hársnyrting

og snyrtiþjónusta um 5,1%. Þjónusta fjármálafyrirtækja hefur hækkað öllu meira, tryggingar um 7,8% og fjármálaþjónusta um 6,4%.

Húsnæðisverð þrýstir enn á verðbólgu

Vaxtalækkunir til að bregðast við neikvæðum efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs hafa haft mikil áhrif á eignarverð. Þróunina má sjá bæði í hækkunum á verði hlutabréfa og svo verði fasteigna. Áhrifin magnast að hluta vegna framboðstregðu, þar sem tíma tekur fyrir mannvirkjagerð að mæta hraðri aukningu eftirspurnar.


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 3% í mars mánuði og hefur verði hækkað um 22,2% milli ára. Verðhækkunir hafa verið umfram eðlilega ákvörðunarpætti húsnæðisverð, og verðið vikið frá þróun launa og tekna.

Slíkar hækkunir eru ósjálfbærar til lengri tíma. Húsnæðisverð kemur fram í aukinni verðbólgu í gegnum

Raunverð húsnæðis

Raunverð

Íbúðarverð / Launavísitölu



Heimild: Þjóðskrá

kostnað við eigið húsnæði. Við mælingar verðbólgu er reynt að ná utan um kostnað eigenda með svokölluðum notendakostnaði. Notendakostnaður (user cost) byggir á því að reiknuð sé húsaleiga á eigendur í eigin húsnæði. Reiknuð húsaleiga tekur mið af markaðsverði, fjármagnskostnaði, afskrifta o.fl. Niðurstaðan er ígildi leiguverðs sem eigandinn myndi þurfa að greiða fyrir búseta í eigin húsnæði.

Við mat á reiknaðri húsaleigu hefur húsnæðisverð áhrif í gegnum þriggja mánaða meðaltal. Það felur í sér að hækkanir koma ekki fram af fullum þunga strax og því mögulegt að húsnæðismarkaður geti enn þrýst á verðlagshækkanir.

Hrávöruverð hækkað í kjölfar stríðs

Verð á hrávöru hefur sveiflast mikið í kjölfar heimsfaraldurs. Áhrifin hafa verið margþætt. Verulegar sveiflur hafa

orðið á framboði og eftirspurn eftir ýmsum hrávörum og aðföngum. Flutningar hafa orðið fyrir áhrifum og skortur hefur orðið á ýmsum vörum og birgðum sem nýtast í framleiðslu á öðrum vörum. Þessu til viðbótar hefur verð á orku, þ.e. gasi og afleidd áhrif á raforku og kyndingu haft mikil áhrif á verðlag í Evrópu.

Framangreind áhrif hafa birst undanfarið í mikilli alþjóðlegri

verðbólgu. Á Evrusvæðinu mælist hún 7,4%. Á Norðurlöndunum er verðbólga á bilinu 4,7-6,3%, lægst í Noregi en í kringum 6% í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Til samanburðar er notuð samræmd vísitala neysluverðs sem Eurostat birtir, sem undanskilur kostnað við eigið húsnæði. Á þann mælikvarða mælist 5% verðbólga á Íslandi.

Í fyrstu var vaxandi verðbólga í Evrópu

Verðbólga í Evrópu

16

14

12

10


8

6

4

2


0



Heimild: Eurostat



Hrávöruverð - vísitölur



Heimild: IMF

drifin áfram af hækkun á orkuverði, gasverði og afleiddum áhrifum á kyndingu og raforku heimila. Þessir þættir eru enn ráðandi í verðbólguþróun í Evrópu en án áhrifa orkuverðs mælist verðbólga 3,4% á Evrusvæðinu. Verðhækkningar eru hins vegar byrjaðar að vera almennari og má þar nefna hækkun matarverðs sem nú mælist um 5,8%.

Áður en stríð braust út í Úkraínu hafði

hægt á hækkunum hrávöruverðs, sem höfðu orðið verið verulegar í kjölfar heimsfaraldur. Í lok síðasta árs hafði iðnaðarvara, matar og drykkjarvara hækkað um 30% frá byrjun árs 2020, orka um 90% og áburður meira en tvöfaldast. Eftir að stríðið braust út, er uppsöfnuð hækkun iðnaðarvöru nú 60% frá byrjun árs 2020, orkuverð hefur meira en tvöfaldast og áburður meira en þrefaldast í verði.

Leikskólagjöld hækkað mikið milli ára

Úttekt verðlagseftirlits ASÍ á breytingum á leikskólagjöldum hjá 20 stærstu sveitarfélögum landsins sýnir að almenn leikskólagjöld, 8 tíma vistun m. fæði, hækkuðu hjá 17 sveitarfélögum af 20.

Víða voru töluverðar hækkanir en 14 sveitarfélög hækkuðu gjöld á bilinu 3-5,7%, þar af hækkuðu gjöld umfram 4% hjá átta sveitarfélögum. Mest hækkuðu almenn gjöld, 8 tímar m. fæði hjá Ísafjarðarbæ, 5,7% en lækkuðu mest hjá Mosfellsbæ, 3,6%. Sömu gjöld fyrir einstæða foreldra hækkuðu einnig mest hjá Ísafjarðarbæ, 6,7% en lækkuðu mest hjá Fjarðabyggð, 3,5%.

Garðabær er með hæstu leikskólagjöldin fyrir 8 tíma með fæði og eru þau 50% hærri en lægstu

gjöldin sem eru hjá Reykjavíkurborg. Á mánuði nemur munurinn á hæstu og lægstu gjöldunum 14.291 kr. og 142.910 kr. á ári (m.v. 10 mánaða vistun).

Leikskólagjöld fyrir einstæða foreldra (8 tímar m. fæði) eru aftur á móti hæst hjá Grindavíkurbæ, 34.990 kr. og því 120% hærri en lægstu gjöld sem eru hjá Reykjavíkurborg, 18.851 kr. Ef litið er til lægra tekjuviðmiðs hjá Hafnarfjarðabæ sem miðast við 424.815 hámarks tekjur eru gjöldin enn lægri eða 15.852 kr.

Ofangreindar tölur eru úr könnun Verðlagseftirlits ASÍ á gjaldskrá m leikskóla. Frekari umfjöllun um könnunina er væntanleg á næstu dögum.